

Upplýsingar um eignasamsetningu séreignardeildar Festu - lífeyrissjóðs

Festa - lífeyrissjóður hefur um árabíl haft samstarf við Eignastýringu Íslandsbanka (nú VÍB) um stýringu eigna séreignardeildar. Um er að ræða vel dreift eignasafn sem henta á breiðum hópi sjóðfélaga. Gengi þessa eignasafns er reiknað daglega og því auðvelt að veita sjóðfélögum tíðar upplýsingar um ávöxtun séreignarsparnaðar. Einnig auðveldar þetta fyrirkomulag greiðslu lífeyris úr séreignardeild.

Fjárfestingarstefna séreignardeildar tekur mið af þeim takmörkunum sem lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 setja. Samkvæmt eðli máls, geta réttahafar óskað eftir flutningi innistæðna sinna til annarra vörsluaðila. Því er brýnt að velja auðseljanlegar fjárfestingar til að mæta slíkum óskum. Fjárfestingarheimildir séreignardeildar eru því þrengri en samtryggingardeildar. Stefnt skal að fjárfestingum í skráðum auðseljanlegum eignum.

Fjárfestingarstefna séreignardeildar

Festa - séreignardeild	Markmið %	Vikmörk
Skuldabréf		
Íslensk skuldabréf með ábyrgð ríkis	45%	20-80%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	7%	0-20%
Skuldabréf og víxlar banka, sparissjóða og annarra lánastofnana	8%	0-20%
Önnur verðbréf	7%	0-20%
Erlend skuldabréf	0%	0-10%
Innlán	5%	0-30%
Samtals skuldabréf	72%	50-90%
Hlutabréf		
Hlutabréf	20%	10-35%
- þ.a. innlend hlutabréf	8%	0-15%
Samtals hlutabréf	28%	10-50%
Samtals	100%	

Vinsamlegast hafið samband við skrifstofu sjóðsins ef óskað er frekari upplýsinga.